

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 8. janúar kl. 9:09 var haldinn 59. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek, Aron Leví Beck, Sara Björg Sigurðardóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson, Daníel Örn Arnarsson og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósepsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Petta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Skipulags- og samgönguráð, Mál nr. US200004
áheyrnarfulltrúi

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 18. desember 2019 þar sem tilkynnt er að Vigdís Hauksdóttir tekur sæti sem fulltrúi í skipulags- og samgönguráði í stað Baldurs Borgþórssonar. Jafnframt er lagt til að Baldur taki sæti sem varamaður í ráðinu í stað Vigdísar Hauksdóttur.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 13. desember 2019 og 19. desember 2019.

3. Kjalarnes, Nesvík, skipulagslýsing Mál nr. SN190734
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 11. desember 2019 ásamt skipulagslýsingu dags. 9. desember 2019 vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi sem felst í uppbyggingu allt að 100 herbergja hótels auk 12 stakstæðra húsa sem leigð verða út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Einnig er lögð fram skýrsla Fornleifastofnunar Íslands dags. 2019.

Samþykkt er að kynna lýsingu að deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands, Náttúrufraeðistofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerð, íbúaráði og einnig kynna hana fyrir almenningi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Bókun Flokks fólksins við framlagningu umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 11. desember 2019 ásamt skipulagslýsingu dags. 9. desember 2019 vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi sem felst í uppbyggingu allt að 100 herbergja hótels auk 12 stakstæðra húsa sem leigð verða út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hér er um lýsingu að ræða og er íbúum í nágrenninu því ekki kunnugt um þessar hugmyndir sem nú liggja á borðinu. Flokkur fólksins hvetur skipulagsyfirvöld til að hafa íbúa með í ráðum á fyrstu stigum og ætti því sem fyrst að boða til fundar (íbúafundar/íbúaráðsfundar) og bjóða íbúum sömu kynningu og lögð er nú fyrir skipulags –og samgönguráð. Með því að gera þetta strax á fyrstu stigum er dregið úr líkum þess að óánægja skapist síðar og kvartanir og að fólki finnist sem ekki hafi verið haft við sig viðhlítandi samráð. Þetta verklag ætti að vera meginreglan.

Fulltrúar Pírata, Viðreisnar og Samfylkingarinnar gagnbóka:

Það er meginreglan að hafa samráð á fyrstu stigum skipulags. Hér er verið að stíga fyrsta skrefið í löngu samráðsferli við íbúa, hagsmunaaðila og íbúaráð. Málið verður kynnt opinberlega og í nágrenninu á öllum stigum málsins.

Björn Ingi Edvardsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Breiðholt 1, breyting á deiliskipulagi (04.6) Mál nr. SN190641
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1, dagsett 06.01.2020. Í breytingunni felst að færa núverandi grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir að framlengja gangstétt við núverandi bílastæði að grenndarstöðinni og staðsetja upplýsingaskilti. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Teigahverfi, breyting á deiliskipulagi (01.360) Mál nr. SN190643
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, dagsett 06.01.2020. Í breytingunni felst að hluti af núverandi gangstétt samsíða Sigtúni verði breytt í grenndarstöð og að núverandi gangstétt verði færð fyrir sunnan við hana, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir upplýsingaskilti varðandi grenndarstöðina verði við stöðina. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi (01.19) Mál nr. SN190644
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds um breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Í breytingunni felst að fjögur bílastæði við austurenda Hallgrímskirkju verði breytt í grenndarstöð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir upplýsingaskilti varðandi grenndarstöðina verði við Eiríksgötu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1047 frá 3. desember 2019, fundargerð afgreiðslufundar

byggingarfulltrúa nr. 1048 frá 10. desember 2019 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1049 frá 17. desember 2019.

(E) Samgöngumál

8. Frakkastígur við Skúlagötu, forgangur umferðar Mál nr. US200006

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngu og borgarhönnunar dags. 6. janúar 2020 þar sem lagt er til að umferð eftir Frakkastíg hafi forgang gagnvart umferð eftir Skúlagötu og verði sá forgangur merktur með merki um biðskyldu og viðeigandi yfirborðsmerkingu. Samþykkt.

9. Skúlagata við Frakkastíg, gangbraut Mál nr. US200005

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngu og borgarhönnunar dags. 6. janúar 2020 þar sem lagt er til að gönguþverun yfir Skúlagötu austan við Frakkastíg sé merkt sem gangbraut með tilheyrandi yfirborðsmerkingu. Samþykkt.

(D) Ýmis mál

10. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í aðalsjóði og eignarsjóði frá janúar til september 2019.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Í þessu yfirliti vekur athygli hversu háar upphæðir um er að ræða og hvað sum fyrirtæki eru að fá háar greiðslur. Sem dæmi fær Landslag ehf. greiðslu upp á 7.575.284 m.kr. Á þessu yfirliti fylgja engar skýringar. Hæstu greiðslur eru t.d. til Matís, rúmar 12 milljónir. Aðeins brot eru með útboði og má þar sjá að sum verk sem fara í útboð eru undir viðmiði útboðsreglna sem er ánægjulegt. Útboðsreglur gera kröfu um útboð ef verk vegna verklegra framkvæmda er yfir kr. 30.000.000 á Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vsk. og vegna kaupa á vöru og þjónustu yfir kr. 15.500.00 án vsk. Þetta yfirlit vekur upp margar spurningar sem dæmi hvað ræður því að ákveðið er að fara í útboð með eitt verk en ekki annað þegar upphæð nær ekki viðmiði útboðsreglna? Meginreglan ætti að vera sú að fara í útboð jafnvel þótt upphæð sé langt undir viðmiði útboðsreglna ef ekkert annað hindrar. Hvað varðar samningskaup, innkaup byggð á verðfyrirspurnum, bein innkaup í samræmi við innkaupareglur og fleira þess háttar þá vantar sárlega að ferlið sé að fullu gegnsætt þannig að hægt sé að sjá hvað fyrirtæki voru borin saman o.s.frv. Hér er verið að greiða milljónir í sérfræðiráðgjöf en á sama tíma starfa fjölmargir sérfræðingar hjá borginni. Er ekki nein leið að nýta þá sérfræðiþekkingu betur til að draga úr aðkeyptri þjónustu?

11. Umhverfis- og skipulagssvið, ferðakostnaður Mál nr. US170113

Lagt fram yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið júlí til september 2019.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins hefur áður verið með athugasemdir yfir hvað skipulagsyfirvöld og aðrir sem skipa meirihlutann í borgarstjórn leyfir sér

að ferðast oft til útlanda í alls kyns erindum, allt frá því að sækja ráðstefnur, fundi eða fara í kynningar- og skoðunarferðir. Dæmi eru um að margir kjörnir fulltrúar og embættismenn sem tengjast sama sviðinu fari í sömu ferð. Hér er slíkt dæmi. Um er að ræða 6 embættismenn, sviðsstjóri, samgöngustjóri, skipulagsfulltrúi, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstýru, skrifstofustjóri umhverfisgæða og byggingarfulltrúi ásamt kjörnum fulltrúum ráðsins. Hefði ekki dugað hér að 1-2 færu á þessa ráðstefnu sem myndu svo fræða hina þegar heim væri komið um það helsta? Í þessu eina yfirliti yfir ferð á ráðstefnu er upphæðin 1.2 milljón. Hér má enn og aftur minna á tal meirihlutans um að bæta loftlagsgæði og minnka kolefnisspor. Tal meirihlutans um loftlagsmál og mikilvægi þess að draga úr útblæstri er hávært en ekki þegar kemur að ferðum þeirra sjálfra erlendis. Hér verða kostnaðar- og mengunarsjónarmiðum að vera haldið til haga.

12. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US190408
Árshlutareikningur janúar til september
2019

Lagt er fram greinargerð USK með árshlutareikningi jan-sept 2019 og verkstaða nýframkvæmda jan-sept 2019 vegna árshlutareiknings janúar - september 2019.

13. Stekkjarbakki Þ73, kæra 124/2019 (04.6) Mál nr. SN190735
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. desember 2019 ásamt kæru ódags. þar sem kærð er samþykkt borgarstjórnar frá 19. nóvember 2019 á breytingu á deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra.

14. Stekkjarbakki Þ73, kæra 128/2019 (04.6) Mál nr. SN190742
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 18. desember 2019 ásamt kæru ódags. þar sem kærð er samþykkt borgarstjórnar frá 19. nóvember 2019 á breytingu á deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra.

15. Fálkagata 18, kæra 125/2019 (01.553.0) Mál nr. SN190737
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. desember 2019 ásamt kæru dags. 12. desember 2019 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa frá 7. nóvember 2019 á byggingarleyfi vegna breytingu verslunarhúsæðis á 1. hæð í 3 einstaklingsbúðir, breytingu á innra skipulagi 2. hæðar sem og gluggum og útihurðum á húsi nr. 18 við Fálkagötu. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra.

16. Hólmasel 2, kæra 131/2019 (04.937.7) Mál nr. SN190753
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 23. desember 2019 ásamt kæru dags. 20. desember 2019 þar sem kærð er afgreiðsla Reykjavíkurborgar. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra.

17. Freyjubrunnur 23, kæra 120/2019, (02.695.4) Mál nr. SN190721
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 2. desember 2019 ásamt kæru dags. 30. nóvember 2019 þar sem kærð er ákvörðun

byggingarfulltrúa um útgáfu byggingarleyfis (gefið út 30. október 2019) vegna framkvæmda á lóðinni nr. 23 við Freyjubrunn. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 11. nóvember 2019.

18. Norðurbrún 2, kæra 20/2019, umsögn, (01.352.5) Mál nr. SN190171
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. mars 2019 ásamt kæru dags. 12. mars 2019 þar sem kærð er samþykkt borgarráð frá 7. febrúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Norðurbrún. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 6. maí 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 12. desember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 7. febrúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Norðurbrúnar vegna Lóðarinnar nr. 2 við Norðurbrún.

19. Brautarholtsvegur milli Hofsgrundar og Arnarholtsvegar, kæra 56/2019, umsögn, (01.352.5) Mál nr. SN190440
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. júlí 2019 ásamt kæru dags. 9. júlí 2019 þar sem kærð er útgáfa framkvæmdaleyfis á gerð Brautarholtsstíg á Kjalarnesi, útgefið 30. apríl 2019. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. desember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir lagningu göngustígs meðfram Brautarholtsvegi milli Hofsgrundar og Arnarholtsvegar á Kjalarnesi.

20. Skógarsel 41-43, Alaskareitur, kæra (04.931.2) Mál nr. SN190453
71/2019, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. júlí 2019 ásamt kæru dags. s.d. þar sem kærandi fer fram á að úrskurðað verði um deiliskipulagsskilmála frá 2002 er varðar einkaafnotafleti til suðurs með öllum neðstu hæðum Skógarsels 41-43. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 8. nóvember 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. desember 2019. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

21. Grandagarður 1A, kæra 33/2019, (01.115.2) Mál nr. SN190273
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2019 ásamt kæru dags. 7. maí 2019 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 9. apríl 2019 að samþykkja leyfisveitingu til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilisláusa vímuefnaneytendur, koma fyrir hvíldaraðstöðu á 2. hæð, nýrri pallalyftu milli hæða, svölum með hringstiga, og komið verður fyrir nýju bílastæði á lóð nr. 1A við Grandagarð. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 22. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. desember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 9. apríl 2019 að samþykkja byggingarleyfi til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilisláusa vímuefnaneytendur að Grandagarði 1A, koma fyrir hvíldaraðstöðu á 2. hæð, nýrri pallalyftu milli hæða, svölum með hringstiga og nýju bílastæði á lóðinni.

22. Grandagarður 1A, kæra 74/2019, (01.115.2) Mál nr. SN190459
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 29. júlí 2019 ásamt kæru dags. 26. júlí 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 9. apríl 2019 um að gefa út byggingarleyfi fyrir innréttingu neyðarskýlis fyrir heimilisláusa vímuefnaneytendur o.fl. á lóð nr. 1A við Grandagarð. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 13. ágúst 2019 vegna stöðvunarkröfu og bráðabirgðaúrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 22. ágúst 2019. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa samkvæmt hinni kærðu ákvörðun er hafnað. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. desember 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 9. apríl 2019 að samþykkja byggingarleyfi til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilisláusa vímuefnaneytendur að Grandagarði 1A, koma fyrir hvíldaraðstöðu á 2. hæð, nýrri pallalyftu milli hæða, svölum með hringstiga og nýju bílastæði á lóðinni.

23. Reykjavíkurflugvöllur, breyting á (01.6) Mál nr. SN190682
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar.

24. Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi (01.68) Mál nr. SN180788

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú.

25. Ingólfsstræti 1, breyting á deiliskipulagi (01.150.3) Mál nr. SN190235
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
490518-2070 Framkvæmdafélagið Skjald. ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 1 við Ingólfsstræti.

26. Laugavegur, Bolholt, Skipholt, nýtt (01.251.1) Mál nr. SN190527
deiliskipulag
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir reit sem afmarkast af Laugavegi til norðurs, Bolholti til austurs, Skipholti til suðurs og Laugavegi 175 og Skipholt 31.

27. Reitir 1.240.2, Bankareitur, breyting á (01.240.2) Mál nr. SN190713
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.2, Bankareitur.

28. Reitir 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur, (01.240.0) Mál nr. SN190714
nýtt deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur.

29. Hlemmur, reitur 1.240.0, nýtt deiliskipulag (01.2) Mál nr. SN190145

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Hlemmur.

30. Hamrahlíð 17, breyting á deiliskipulagi (01.714.1) Mál nr. SN190406
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
470169-2149 Blindrafélagið, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Stakkahlíðar vegna lóðar nr. 17 við Hamrahlíð.

31. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, hvaða aðgerðir stjórn Strætó bs hyggst grípa til til að bæta nýtingu vagnanna Mál nr. US200007

Fyrirspurnir Flokks fólksins um hvaða aðgerðir stjórn Strætó bs. og skipulagsyfirkomulagið borgarinnar hyggjast grípa til til að bæta nýtingu vagnanna.

Fyrir liggur að sæta- og stæðisnýting hjá almenningsvögnum Strætó er slök, sennilega rétt um fimmtungur að meðaltali árið 2018. Þetta hefur verið margsinnis rætt og svar Strætó bs felur ávallt í sér upplýsingar um fjölda innstiga í Strætó en ekki fjölda farþega. Fjöldi innstiga á höfuðborgarsvæðinu árið 2018 var 11.405.700. Fjöldi ferða sem farnar voru árið 2018: 642.865. Fundin er meðaltalstala með því að taka fjölda farþega og deila með fjölda ferða. Að meðaltali komast að mestu 85 manns í strætisvagn á höfuðborgarsvæðinu, sitjandi og standandi. Að meðaltali er því um að ræða innan við 18 farþega. Það segir sig sjálft að þetta er nýting sem ekki er hægt að setta sig við. Vagnarnir eru illa nýttir. Ein stök ferð með strætó kostar tæp 500 krónur. Þótt keypt sé 10 miða kort munar litlu á einni ferð. Kerfið er því afar óhentugt fyrir þá sem gætu viljað grípa til notkunar almenningsgangna endrum og sinnum. Rekstrarfyrirkomulagið er einnig vont en Strætó bs. er byggðasamlag. Sex sveitarfélög eiga það og Reykjavík á stærsta hlutann en hefur engu að síður aðeins einn fulltrúa í stjórn. Stjórnunarvægi er því í engu hlutfalli við stærð. Hvað ætlar skipulagsyfirkomulagið/stjórn Strætó bs. að gera í þessu? Hvernig á að bregðast við? Á ekki að taka mið af lélegri nýtingu t.d. með því að grípa til einhverra aðgerða? Hugmyndir Flokks fólksins í þessu sambandi eru: Reyna að fá fólk til að nota strætisvagna t.d. bjóða upp á ódýr kynningarkort til að fólk kynnist kerfinu, fleiri möguleika í fargjöldum, jafnvel fríar ferðir utan álagstíma, Finna fjölbreyttar leiðir til að bæta ímyndina, virkja þjónustustefnu? Leyfa ávallt að hundar komi um borð í vagnanna?

Vísað til umsagnar Strætó bs.

32. Tillaga frá Flokk fólksins, um að borgarfulltrúar kolefnisjafni ferðir sínar úr eigin vasa Mál nr. US200008

Tillaga Flokks fólksins um að borgarfulltrúar kolefnisjafni ferðir sínar úr eigin vasa og upplýsingar um kolefnisjöfnunin verði aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.

Flokkur fólksins leggur til að borgarfulltrúar, borgarstjóri og aðstoðarmaður borgarstjóra kolefnisjafni flugferðir sínar til og frá útlöndum

úr eigin vasa. Með þessu sýna borgarfulltrúar félagslega ábyrgð. Þær þrjár leiðir sem hægt er að kolefnisjafna er hjá Kolviði, Votlendissjóði og Icelandair. Borgarfulltrúar og sérstaklega borgarstjóri og aðstoðarmaður hans fara í margar flugferðir á ári erlendis sem skipta hundruð þúsunda. Ferðalangurinn sjálfur á að bera kostnaðinn og með því sýnir hann í verki viðhorf sitt til mikilvægis umhverfisverndar. Að kolefnisjafna er í dag viðurkennd aðgerð til að vega upp á móti útblæstri og því er ekkert að vanbúnaði að kjörnir fulltrúar kolefnisjafni og axli sjálfir ábyrgð á kostnaðinum. Lagt er til að á heimasvæði komi fram upplýsingar um kolefnisjöfnuð hvers og eins og hjá hvaða aðila það var gert.

Frestað.

33. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, undantekningu frá akstursbanni um göngugötur Mál nr. US200009

Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi. Meðal nýmæla er undantekning frá akstursbanni um göngugötur sem felur í sér að bílar merktir með stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða og bílar sem sinna aksturþjónustu fatlaðra mega nú nýta sér göngugötur og mega jafnframt leggja þar í merkt stæði. Flokkur fólksins spyr hvort borgin sé ekki að öllu leyti að virða þessi lög nú þegar vika er liðin síðan þau tóku gildi og hvort til standi að opna lokaðar göngugötur fyrir þeim bílum sem hafa nú heimild til að aka þar?

Frestað.

34. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, vegna framlagningu lista yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur Mál nr. US200010

Í framhaldi að framlagningu lista yfir innkaup umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir nánari upplýsingum: Hvað ræður því að farið er í útboð í stað þess að láta verðsamanburð nægja þegar upphæð er undir viðmiði útboðsreglna? Ferli verðsamanburðar er ekki nægjanlega gegnsætt til að almenningur geti fylgst með. Sem dæmi er EFLA fyrirtæki sem verið er að greiða háar upphæðir. Er t.d. Efla ódýrasta fyrirtækið og hjá hvaða öðrum fyrirtækjum var verð athugað þegar verið var að leita að fyrirtæki til að sinna verkefnum sem Efla var síðan ráðið í. Á lista um innkaup þarf að koma fram forsendur fyrir þeirri ákvörðun sem tekin er með hver innkaup, hvaða forsendur eru fyrir því að þau fyrirtæki sem hér eru valin fá verkefnið? Á hvaða grundvelli eru þau ráðin? Eins vantar upplýsingar um afslætti, magnafslætti t.d. hjá þeim fyrirtækjum sem eru að fá flestu og dýrustu verkefni. Veitir sem dæmi Efla borginni afslátt? Vísað til umhverfis- og skipulagssvið, fjármálaskrifstofu.

- Kl. 9:57 tekur Örn Þórðarson tekur sæti á fundinum

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 10:10

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek
Aron Leví Beck
Hildur Björnsdóttir

Sara Björg Sigurðardóttir
Eypór Laxdal Arnalds
Örn Þórðarson

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 3. desember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1047. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, Jón Hafberg Björnsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Edda Þórsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Petta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Álagrandi 6** (01.521.606) 197240 Mál nr.
BN057017
061169-3859 Sigurjón Ólafsson, Álagrandi 6, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052940, vegna lokaúttektar, þannig að inngangshurð er breytt og flutt á suðausturhlið og komið er fyrir glugga á suðvesturgafli á tómsundarhúsinu á lóð nr. 6 við Álagranda.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þinglýsa skal yfirlýsingu fyrir útgáfu byggingarleyfis að rekstur gistipjónustu er óheimil í fasteigninni. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. **Álfab. 12-16/Þönglab.** (04.603.503) 111722 Mál nr.
BN056876
681295-2599 Álfabakki ehf., Vatnsstíg 16-18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta verslunarrými í veitingastað í flokki II tegund C með hámarks gestafjölda 15 manns og tvo starfsmenn í rými 0102 í húsi nr. 12. mhl.01, á lóð nr. 12-16 við Álfabakka/Þönglabakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
3. **Álfheimar 31** (01.435.014) 105304 Mál nr.
BN057008
170189-2569 Ragnar Tryggvi Snorrason, Álfheimar 31, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta vinnustofu 0001 í íbúð, staðsetta í kjallara húss nr. 31 við Álfheima.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á afriti af teikningu.
Gjald kr.11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
4. **Barmahlíð 21** (01.702.016) 107015 Mál nr.
BN057004
120975-5879 Aðalheiður Atladóttir, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir minni háttar breytingum á erindi BN055162 þannig að sérafnotaflötur íbúðar 0001 breytist lítillaga, hætt er við gólfsíðan glugga við hlið hurðar úr eldhúsi á suðurhlið og brunamerkingar hurðar í þvottahúsi er breytt í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 21 við Barmahlíð.
Erindi fylgir af teikningum dags. 23. ágúst 2018 með árituðu samþykki eigenda íbúðar 0101.
Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Bíldshöfði 10** (04.064.002) 110668 Mál nr.
BN056952
040344-3309 Aðalsteinn Viðar Júlíusson, Stuðlasel 18, 109 Reykjavík
580413-2420 B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta aðstöðu fyrir dansskóla á annarri hæð í vesturálmum og koma fyrir neyðarútgangi út á nýjan brunastiga á suðurhlið húss, á lóð nr. 10 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.
6. **Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN056916
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055486, þannig að komið verður fyrir millilofti með rýmismúmeri 0140 og brunahólf fellt út, í húsi á lóð nr. 2 - 4 við Blikastaðaveg.
Stækkun milligólfs : 158,3 ferm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN057003
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
450613-2580 Íþaka fasteignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0xxxxx þannig að texta í byggingarlýsingu vegna veitingarstaðar er breytt og við texta, ozon-kerfi, er bætt við "eða sambærilegt", í verslunar- og skrifstofuhúsi að Katrínartúni 4 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
8. **Borgartún 29** (01.218.103) 102775 Mál nr.
BN056953
550807-0680 Þorkelsson ehf., Sóltúni 11, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til lítils háttar breytinga á innra skipulagi veitingarstaðar, breytta staðsetningu eldunaraðstöðu og endurnýjun á loftunarröri upp fyrir þak fyrir nýjan rekstraraðila veitingarstaðar á 1. hæð húss á lóð nr. 29 við Borgartún.
Erindi fylgir afrit af grunnmynd samþykkttri 6. ágúst 2008.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
9. **Borgartún 30** (01.231.101) 180387 Mál nr.
BN056939
501299-3329 Kennarasamband Íslands, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir einu skilti, 1,40 x 5,12m, á norðurhlið verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 30 við Borgatún.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 8. apríl 2014.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

10. **Brautarholt 6** (01.241.204) 103022 Mál nr.
BN056997
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055618 og fjölga íbúðum úr sex í átta, tvær stúdíóíbúðir, fimm tveggja herbergja íbúðir og ein fjögurra herbergja á 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Erindi fylgir mæliblað 1.241.2 dags. 13. október 1997, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019 og bréf hönnuðar dags. 26. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
11. **Depluhólar 5** (04.641.705) 111900 Mál nr.
BN056922
170165-4979 Jóhannes S Haraldsson, Depluhólar 5, 111 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á íbúðarhúsi, setja hurð í stað glugga á suðurhlið og nýja hurð á vesturhlið kjallara ásamt því að klæða með sléttri álklæðningu og hækka og breyta þaki á bílskúr á lóð nr. 5 við Depluhóla.
Stækkun: 33.0 rúmm.
Erindi fylgir afrit af teikningum samþykktum 14. nóvember 1985, skýrsla húsaskoðunar dags. 27. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. **Drafnarfell 2-18** (04.683.007) 112306 Mál nr.
BN056766
291064-2219 Karl Víkingur Stefánsson, Herjólfsgrata 22, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi fyrir kaffihúsi í flokki II tegund E, fyrir 30 gesti, ásamt áður gerðum breytingum í mhl. 04, rými 0101, í húsi nr. 18 á lóð nr. 2-18 við Drafnarfell.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 2. október 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. **Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr.
BN057014
560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta hurðum á norðurhlið og fjarlægja hluta af millilofti auk þess sem komið er fyrir nýjum og stærri milliloftum í húsið nr. 18-26 við Dragháls á lóð Fossháls 17-25/Dragháls18-26.
Niðurrif er: XX ferm.
Stækkun er : 271,9 ferm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
14. **D-Tröð 8** (04.765.708) 112509 Mál nr.
BN056933
310759-5709 Sigurbjörn Magnússon, Bleikjukvísl 11, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051536 vegna lokaúttektar þannig að útmerki eru fjarlægð og tvær iðnaðarhurðir eru settar í stað glugga á austurhlíð húss nr. 8 við D-tröð.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. **Efstaleiti 19** (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN056969

680819-1060 Efstaleitis Apótek ehf., Efstaleiti 27b, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052546, mhl.01, þannig að innréttað verður apótek, átlaðir eru 4 starfsmenn, í rými 0105 á 1. hæð og lager í rými 0002 í kjallara, einnig er opnunarátt inngangshurðar inn í apótekið breytt í húsi á lóð nr. 19 við Efstaleiti.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

16. **Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr.
BN056968

540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, rýmisnúmerum og eignarhaldi á þeim er breytt, vegna gerðar eignaskiptasamnings, fyrir húsið nr. 2-4 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

17. **Friggjarbrunnur 42-44** (05.053.201) 205962 Mál nr.
BN056013

450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi að breyta erindi BN048498 þannig að flóttaleiðum úr bílakjallara er fækkað úr 5 í 3 í húsinu á lóð nr. 42-44 Friggjarbrunni.

Samþykki meðeigenda dags. 9. sept. 2019 fylgir.

Gjald: kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. **Gefjunarbrunnur 18** (02.695.408) 206035 Mál nr.
BN056966

441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 18 við Gefjunarbrunn.

Erindi fylgir mæliblað 2.695.4 endurútfið 18. júní 2019 og hæðablað 2.695.4-B3 dags. september 2009.

Stærðir:

A- rými: 239.6 ferm., 815,2 rúmm.

B- rými: 30.0 ferm., 89.4 rúmm.

Nýtingarhlutfall: 0.94.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. **Giljasel 8** (04.933.402) 112860 Mál nr.
BN056831

250867-3959 Ingibjörg Kolbeinsdóttir, Giljasel 8, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á lóð ásamt því að byggja sólskála við austurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 8 við Giljasel.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 21. október 2019, umsögn skipulagsfulltrúa dags 22. júní 2018 og ljósritaður hluti deiliskipulags dags 31. janúar 2001, Samkomulag vegna skjólveggja lóðarhafa Giljaseli 6, dags. 9. janúar 2019, bréf hönnuðar dags. 21. október 2019

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. **Glæsibær 20** (04.351.508) 111154 Mál nr.
BN056325

230163-3919 Ingvar Berndsen, Glæsibær 20, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við vesturhlíð íbúðahúss og breyta bílskúr í stúdíóíbúð og geymslu á lóð nr. 20 við Glæsibæ.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.

Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 4.351.5 fyrst útgefið 19. september 1964.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

21. **Grensásvegur 3-7** (01.461.001) 105664 Mál nr.
BN057015

520503-3230 Austurlandahraðlestin ehf., Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til þess að opna veitingastað í flokki II, tegund ?, fyrir 30 gesti í sæti og afgreiðslu út úr húsi "take away", einnig mun fara fram framreiðsla fyrir aðra sölu-og veitingastaði sömu veitingahúsakeðju, í eldhúsi veitingastaðar í rými 0102 á 1. hæð í húsi nr. 3, mhl.01, á lóð nr. 3-7 við Grensásveg.

Erindi fylgir mæliblað síðast breytt 28. júní 1974 og hæðablað teiknað í júní 1954.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

22. **Gufunes Áburðarverksm** (02.220.001) 108955 Mál nr.
BN056994

450815-0390 Kuklarinn ehf., Krókhálsi 6, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa stakstæða byggingu og útbyggingu á vesturhlíð núverandi byggingar á lóð nr. 2 við Jöfursbás (Gufunes Áburðarverksmiðja).

Stærð niðurrifs:

A - Stakstæð bygging: 42,0 ferm., 168 rúmm.

B - útbygging: 72,6 ferm., 290,4 rúmm.

Samtals niðurrif: 114,6 ferm., 458,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. **Gufunes Áburðarverksm** (02.220.001) 108955 Mál nr.
BN056842
540802-2110 Kukl ehf., Krókhálsi 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053500 þannig að innra fyrirkomulagi er breytt og viðbygging byggð við norðurhluta núverandi húss á lóð nr. 2 við Jöfursbás.
Erindi fylgir brunahönnun Eflu dags. 22. október 2019, mæliblað nr. 2.220.8 dags. 28. ágúst 2019 og yfirlit yfir breytingar mótt. 28. nóvember 2019.
Stækkun: 1.436,7 ferm., 13.877,6 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
24. **Gylfaflöt 10-12** (02.578.601) 224864 Mál nr.
BN056882
541217-2580 Gylfaflöt 10 ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053470, þannig að hætt er við kjallara undir byggingunni, rýmum fjölgað úr sjö í átta, gluggum og hurðum breytt og gerðar svalir á húsið á lóð nr. 10-12 við Gylfaflöt.
Yfirlýsing um CE-merkingar á steinullareiningum frá Límtré Vírnet hf. dags. 12. maí 2017 og varmatapsrammi dags. 30. október 2019 fylgir.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. nóvember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2019. Erindi fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2019.
Minnkun, þar sem hætt er við kjallara: 1.197,3 ferm., 4.821,7 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
25. **Hafnarstræti 4** (01.140.204) 100829 Mál nr.
BN056806
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp eldunaraðstöðu á 1. hæð, veitingastaðar í flokki III, tegund b, í húsi á lóð nr. 4 við Hafnarstræti.
Erindi fylgir afrit af samþykktum teikningum, frá hönnuði, með yfirliti yfir breytingar, umsögn Minjastofnunar dags. 27. nóvember 2019 og brunahönnun Eflu endurskoðuð í október 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
26. **Hallgerðargata 7** (01.349.301) 225427 Mál nr.
BN056986
551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054424 þannig að lóðamörkum og bílastæðabókhaldi fjölbýlishúss er breytt á lóð D, lóð nr. 7 við Hallgerðargötu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
27. **Hamrahlíð 10** (01.731.001) 107355 Mál nr.
BN056962
460269-2969 Mennta- og menningarmálaráðun., Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík
460269-3509 Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10, 105 Reykjavík
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka sorpgeymslu á lóð, stækka líkamsræktaraðstöðu og endurnýjun á snyrtingum í Menntaskólanum við Hamrahlíð á lóð nr. 10 við Hamrahlíð.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr.
BN057011
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0xxxxx þannig að kjallari, mhl.05 er stækkaður á kostnað bílageymslu, mhl. 12 í fjölbýlishúsi við Hlíðarfót 11 á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
29. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr.
BN057012
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN053745, þannig að fyrirkomulag efri kjallara er breytt og bílastæðum fækkað um eitt stæði, verða 118, í bílageymslu fjölbýlishúsa á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Mhl. 12 minnkar um 49,5 ferm., 138,9 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. **Háaleitisbraut 66** (01.727.101) 107326 Mál nr.
BN057002
580169-2289 Grensáskirkja, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík
530194-2489 Kirkjumálasjóður, Laugavegi 31, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að reisa nýjan stiga í kverk við norðurhlið kirkjuskips Grensáskirkju á lóð nr. 66 við Háaleitisbraut.
Erindi fylgir A3 afrit af teikningum samþykktum þann 19. desember 2006.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
31. **Hjallaland 1-31 2-40** (01.862.001) 108797 Mál nr.
BN055746
